

## ✉ Uppsetning kláfs í hlíðum Eyrarfjalls, Ísafjörður

Búið til	11.2.2021 16:18:41
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	11.2.2021 16:18:41
Tilheyrir	 202101-0067 - Uppsetnings kláfs í hlíðum Eyrarfjalls, Ísafjörður.

### Efni

Uppsetning kláfs í hlíðum Eyrarfjalls, Ísafjörður

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	11.2.2021 16:18:41	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	skipulag@skipulag.is
Cc	jakob.gunnarsson@skipulag.is

### Innihald

Tilvísun í mál nr. 202101-0067 LA/RTh/IAS

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dagsett 22. janúar 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort uppsetning kláfs í hlíðum Eyrarfjalls ofan Ísafjarðarbæjar skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur ljóst að mestu umhverfisáhrifin verða þau að kláfurinn mun breyta ásýnd Eyrarhlíðar og Eyrarfjalls séð frá Ísafjarðarbæ, inn eftir Skutulsfirði og jafnvel séð frá Hnifsdal. Fram kemur að stálmillistaur á Gleiðarhjalla er 32 metra hár og sverleiki hans efst er 6 metrar á kant ásamt öxlum út til sitthvorrar áttar. Ekki kemur fram hæð eða stærð á endastöð kláfsins sem er ráðgert að reisa efst á Eyrarfjalli í um 720 m hæð yfir sjávarmáli, en fram kemur að byggingarflötur verði allt að 300 m<sup>2</sup>.

Gera má gera ráð fyrir að vélarhljóð sem tengjast keyrslu á kláfinum upp og niður Eyrarfjall munu valda hljóðmengun á stóru svæði. Ekki er minnst á þennan þátt í lýsingu en hann hlýtur að hafa áhrif á nærliggjandi umhverfi. Þetta þarf að kanna betur og hversu mikil áhrif hljóðmengunar er af kláfnum.

Í lýsingu er margtekið fram að ekki er ráðgert að leggja veg upp á Eyrarfjall, flutningur á efni er með þyrlu eða lyftukláf. Ljóst er að grafa þarf fyrir undirstöðum burðastaura og mannvirkja á Gleiðarhjalla og á Eyrarfjalli og því setur Náttúrufræðistofnun fram fyrirspurn um hvernig þessari framkvæmd verður háttáð án aðkomu vinnuvéla? Þá kemur fram í lýsingu ábending um mögulegan olíuleka frá vinnuvélum og hvernig lágmarka megi mengunaráhöpp (bls. 13). Ljóst er að vinnuvélar verða nýttar til framkvæmda en gera þarf grein fyrir því hvernig framkvæmdaraðilar ætla að koma þeim upp á Gleiðarhjalla og Eyrarfjall án vegaf framkvæmda.

Náttúrufræðistofnun finnst mjög óljóst hvernig vatn og rafmagn verði flutt upp á Eyrarfjall. Á bls. 10 kemur fram að „*Vatn verður flutt uppá fjall með lögn sem verður á burðarvír samhliða vírum lyftunnar og komið fyrir í niðurgrofnum tönkum. Rafmagn (háspennulína) upp á Eyrarfjall mun liggja upp með kláfnum upp á Eyrarfjall. Í deiliskipulagi mun koma fram að jarðstrengir verða samhliða burðarvírnum til að forðast jarðrask.*“ Útskýra þarf betur hvernig burðarvírur fyrir vatn og rafmagn sé háttáð og útlit þeirra, ásamt því hvernig eða hvar **jarðstrengjum** verður komið fyrir.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur mikilvægt að jarðfræði Eyrarfjalls verði rannsökuð vel með tillit til þessara framkvæmda. Ekki eru til nákvæm jarðfræðikort af svæðinu og lítið gagn af yfirlitskorti í mælikvarða 1:600.000. Á loftmyndum (map.is) sést að mikil og stórgrytt urð er upp á Gleiðarhjalla og þarf að kanna þykkt hennar ásamt því hvort einhver hreyfing sé á henni. Ofan við Gleiðarhjalla og í brún Eyrarfjalls eru hraunlög mikið rofin og þarf að kanna vel bergganga, misgengi og millilög.

Náttúrufræðistofnun vekur athygli á að vistgerðir sem taldar eru upp á bls. 17 þ.e. víðikjarrvist og grasmóavist hafa mjög hátt og hátt verndargildi. Þær eru auk þess á lista Bernarsamningsins ásamt urðarskriðuvist.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að farið sé í veðurfarsrannsóknir á svæðinu, en fram kemur á bls. 10 að fyrirhugað sé að setja upp veðurstöð á toppi fjallsins sumarið 2021.

Náttúrufræðistofnun bendir á að þörf sé á einhverskonar grenndarkynningu meðal íbúa í byggð þar sem upphafsstöð kláfsins er rétt ofan við íbúðarbyggð og því getur starfsemin valdið ónæði fyrir þá sem þar búa.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur mörgum mikilvægum atriðum ósvarað um framkvæmd verksins og grunnrannsóknir er varða náttúrufar sé ábótavant.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500.      [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is>)